

25. Stjórnarfundur Bergrisans

14. desember 2020

Fjarfundur hófst klukkan 14:00 á Microsoft Teams

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar. Einnig mættu fyrir þjónustusvæðin Ragnheiður Hergeirsdóttir og Arna Ír Gunnarsdóttir frá velferðasviði Árneshvols, Heiða Ösp Kristjánsdóttir frá velferðasviði Árborgar og Svava Davíðsdóttir frá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögmaður var gestur fundarins og Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Staða vegna Breiðabólstaðar, Selvogsbrautar og Sólheima

Steinunn Erla kynnir samningsdrög sem nú liggja fyrir varðandi viðaukasamning við þjónustusamninga milli Bergrisans og Sólheima vegna flutnings þjónustuþega frá Breiðabólstað. Stjórn Bergrisans bs samþykkir samningsdrögin fyrir sitt leyti. Verkefnisstjóra falið að senda erindi á aðildarsveitarfélögin til samþykktar með skýringum á helstu frávikum frá fjárhagsáætlun 2021.

2. Samningaviðræður Bergrisans og Skaftholts

Steinunn Erla kynnir stöðuna á samningaviðræðum um þjónustusamning við Skaftholt.

3. Sérstakar aðgerðir á heimilum fatlaðs fólks vegna Covid

Heiða Ösp Kristjánsdóttir kynnir þær aðgerðir sem einingar á þjónustusvæði Bergrisans bs hafa þurft að fara í vegna Covid 19 sem hafa leitt til kostnaðarauka. Stjórn samþykkir að aðgerðir vegna Covid 19 á heimilum fatlaðs fólks verði samræmdar.

4. Afgreiðsla umsóknar um endurgreiðslu til Ölfuss vegna þjónustusamnings.

Sveitarfélagið Ölfuss óskar eftir að fá endurgreiðslur vegna þjónustu sem þeir hafa verið að veita. Bergrinn hefur fengi greiðslu vegna einstaklingsins frá Jöfnunarsjóði. Stjórn samþykkir erindið enda verði tekið tillit til þeirrar þjónustu sem Ölfus á að veita lögum samkvæmt og bera kostnað af.

5. Endurgreiðslukrafa Bergrisans á Árborg vegna notanda á Breiðabólstað

Verkefnisstjóri leggur fram tillögu að kröfu á Árborg vegna kostnaðar á einu rými á Breiðabólstað. Árborg hefur verið að greiða til Bergrisans að hluta sem kæmi þá til frádráttar kröfunni. Stjórn samþykkir tillöguna og felur verkefnisstjóra að senda hana til Árborgar.

Fundi slitið kl. 16:10